



VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS



4. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 21. nóvember 2022 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Bjarney Vignisdóttir, Ævar Eyfjörð Sigurðsson sem tók þátt með fjarfundabúnaði, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

1. Þjónustusamningur við Snerra ehf um rekstur ljósleiðarakerfis - kynning.

Lagður fram þjónustusamningur við Snerra ehf um rekstur ljósleiðarakerfis Hrunaljóss. Með samningnum er leitast við að skýra verkaskiptingu, viðbrögð og verklag við rekstur ljósleiðarakerfis eiganda og með því stuðla að hnökralausum og farsælum rekstri ljósleiðarakerfisins gagnvart eiganda, notendum og öðrum hagsmunaaðilum.

Samningurinn hefur verið samþykktur af sveitarstjórn og er hér lagður fram til kynningar.

2. Umsókn um kalt vatn – Stóru-Laxárdeild- nýtt veiðihús í Skarði.

Borist hefur ósk frá forsvarsmönnum Veiðifélags Stóru-Laxár þar sem óskað er eftir tengingu nýs veiðihúss félagsins við Stóru-Laxá sem staðsett er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi við vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Veitustjórn samþykkir erindið enda bera núverandi stofnlagnir þá aukningu sem hér um ræðir.

3. KPMG úttekt á starfsemi.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir úttekt sem sveitarstjórn hefur samþykkt að verði gerð af fyrirtækinu KPMG á rekstri eignasjóðs, áhaldahúss og veitum.

Lagt fram til kynningar.

4. Gjaldskrárbreytingar

Lögð fram gjaldskrá hitaveitunnar fyrir árið 2023.

Tillaga lögð fram um hækkun gjaldskrár, er þar miðað við þróun neysluverðsvísitölu síðastliðinna 12 mánaða að jafnaði. Einnig gerð tillaga um að skýrt verði ákvæði um heimtaugagjald sem og stofngjald í dreifbýli.

Veitustjórn samþykkir gjaldskrána með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og felur veitustjóra að auglýsa gjaldskrána í samræmi við lög þar um.

Lagðar fram gjaldskrár vatnsveitu, fráveitu og Hrunaljóss fyrir árið 2023.

Tillaga lögð fram um hækkun gjaldskrána, er þar miðað við þróun neysluverðsvísitölu síðastliðinna 12 mánaða að jafnaði. Einnig gerðar tillögur um orðalagsbreytingar sem hnykkja á þeim skilningi sem þegar er viðhafður við framkvæmd.

Veitustjórn samþykkir gjaldskrárnar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

5. Fjárhagsáætlanir.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tap verði af rekstri sem nemur 3,4 m.kr.. Á sama tíma vonar veitustjórn að tekjur muni verða heldur meiri en hér er gert ráð fyrir. Í fjárfestingum er gert ráð fyrir tengingum húsa í Byggð á Bríkum sem og að ganga frá framkvæmdum við lögn frá Kópsvatni og þar með talinn er veituskúr.

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Vatnsveitu Flúða fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun vatnsveitu fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að hagnaður verði af rekstri sem nemur 2,5 m.kr.. Í fjárfestingum er gert ráð fyrir tengingum húsa í Byggð á Bríkum sem og að ganga frá framkvæmdum við vatnstank á Berghylsfjalli.

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun vatnsveitunnar fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Fráveitu Flúða fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fráveitu fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tap verði af rekstri sem nemur 10,1 m.kr.. Í fjárfestingum er gert ráð fyrir tengingum húsa í Byggð á Bríkum og öðrum fjárfestingum.

Miðað við rauntölur 2021, vænta útkomuspá 2022 sem og þá hækkun sem hér er gert ráð fyrir telur veitustjórn mögulegt að hækka tekjuliðinn um 5 m.kr..

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun fráveitunnar fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun með þeirri breytingu sem rædd er hér að framan.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljós fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljóss fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Hrunaljóss fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tap verði af rekstri sem nemur 6 m.kr..

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun Hrunaljóss fyrir árið 2023 sem og þriggja ára áætlun.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:45